

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Þorláksgeisli 9.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarstjórn Reykjavíkur, þann 7. desember 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir Grafarholt austur, vegna lóðarinnar Þorláksgeisla 9.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skúlatúnsreitir eystri, Vélamiðstöðvarreitir.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 23. september 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir Skúlatúnsreit eystri, Vélamiðstöðvarreit.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 4. janúar 2005.

Helga Bragadóttir skipulagsfulltrúi.